

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Auturstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. mars 2008.

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, 327. MÁL

Frumvarpið barst SORPU bs til umsagnar með bréfi dagsettu 18. febrúar 2008. Um er að ræða breytingu á lögum um meðhöndlun árgangs, nr. 55/2003 með síðari breytingum.

Almennar athugasemdir við frumvarpið

Í frumvarpi þessu er fólgið nokkuð nýmæli en með því verða framleiðendur, þ.m.t. innflytjendur raftækja ábyrgir fyrir því að koma úr sér gengnum rafeinda- og raftækjum til viðeigandi meðhöndlunar og er hér verið að innleiða s.k. framleiðendaábyrgð. Það kerfi sem hér er lagt til með þessari breytingu á lögnum hefur að megin markmiði að allur kostnaður (líka förgunarkostnaður) við vöruna (í þessu tilfelli rafeinda- og raftæki) sé innifalinn í söluverði vörunnar til neytanda. Slík kerfi hafa verið tekinn upp í flest öllum Evrópulöndum og má segja að ekkert kerfanna sem þar eru séu nákvæmlega eins. Það kerfi sem hér er lagt til virðist verða flókið í framkvæmd og má spyrja hvers vegna ekki er notað kerfi Úrvinnslusjóðs, sem þegar hefur verið sett upp hér á landi til að ná ákveðnum markmiðum í úrgangsmálum.

Tilskipun nr. 2002/96/EB s.k. WEEE tilskipun (*Waste Electronic and Electrical Equipment*) hefur verið lögfest í flestum EES-ríkjum. Samkvæmt tilskipuninni er heimilt að leggja ábyrgð og þar með kostnað á framleiðendur raftækja frá þeim tímapunkti þegar neytandi vill losna við úr sér gengin rafeinda- og rafatæki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi ábyrgð framleiðenda byrji eftir að úrgangnum hefur verið safnað á söfnunarstöð sveitarfélags þ.e.a.s. hluti kostnaðarins lendir á skattgreiðendum, en ýmis Evrópuríki hafa gengið mun lengra í þeim efnum enda er það í anda ofangreindrar tilskipunar. Þannig hafa sum aðildarríki ESB skyldað framleiðendur til að bera allan kostnað við kerfið t.d. í Austurríki, Belgíu og Frakklandi á meðan sveitarfélög bera kostnað af söfnun í Danmörku og Þýskalandi. Í Svíþjóð bera sveitarfélög einungis kostnað af að leggja til söfnunarsvæði.

N:\2008\Bréf\b03102008-u.docx /bhh

Þegar er hafinn endurskoðun á ofangreindri tilskipun og er markmiðið með þeirri endurskoðun að vinna að aukinni samræmingu í innleiðingu tilskipunarinnar. Á vettvangi samtaka evrópskra sveitarfélaga (CEMR) hefur verið bent á að kostnaðarþáttaka sveitarfélaga og þar með skattgreiðenda sé ekki í samræmi við anda tilskipunarinnar eða s.k. mengunarbótareglu („polluter pays principle“). Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að samtök evrópskra sveitarfélaga hafa gert athugasemdir við útfærslu tilskipunarinnar í ýmsum aðildarríkum ESB. Einnig hefur Evrópuþingið séð ástæðu til að gera skýra grein fyrir framleiðendaábyrgð í tillögum sínum um endurskoðun á rammalöggjöf ESB um úrgang, m.a. með því að leggja til að framleiðendaábyrgð nái frá neytendum til endurvinnslu og förgunar úrgangs. Mikilvægt er að Alþingi taki tillit til framangreindrar þróunar við afgreiðslu frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar

Um a-lið 2. gr.

Í a-lið 2. gr. er lögð sú skylda á sveitarfélögin að bjóða upp á gjaldfrjálsa móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum. Einnig ber sveitarfélögum að veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka og skila slíkum úrgangi til söfnunarstöðva sveitarfélaga.

Til þessa hafa sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu tekið við umræddum úrgangi frá heimilum án gjaldtöku. Kostnaðarauki sveitarfélaganna vegna frumvarpsins hér á höfuðborgarsvæðinu mun einkum felast í því, að þeim veður skylt að bjóða upp á aðstöðu til flokkunar rafeinda- og raftækjaúrgangs af mismunandi toga á hverri söfnunarstöð. Ljóst er að kostnaðarauki hér á höfuðborgarsvæðinu getur orði all verulegur sé gerð krafa um fjölgun úrgangsflokka á söfnunarstöðvum, þar sem móttökustöðvum sveitarfélaganna er þröngur stakkur sniðinn og tækifæri til fjölgunar flokka mjög takmarkaður. Gengið er út frá að rekstur og eignarhald á þeim ílátum (gámum eða öðru) sem þarf til móttöku sé alfarið á ábyrgð hins nýja skilakerfis.

Um f lið 2. gr.

Í f-lið 2. gr. er kveðið á um sérstaka stýrinefnd sem skal hafa umsjón með starfsemi skilakerfa. Stjórn Úrvinnslusjóðs er skv. frumvarpinu falið að fara með hlutverk stýrinefndar en jafnframt er tekið fram að hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs sé ekki á ábyrgð stýrinefndar. Með skipan þessarar stýrinefndar, sem augljóslega er opinber nefnd, er verið að gera stjórnkerfi Úrvinnslusjóðs afar flókið. Væri nær að kerfið allt yrði þá tekið undir lög um úrvinnslugjald en þeir sem vildu vera í sér kerfi utan úrvinnslugjalds, gætu þá samið sig frá því líkt og útvegsmenn hafa þegar gert hvað varðar net.

Um 7. gr.

Gerð er alvarleg athugasemd við a-lið 7. grein en þar er lögð til sú breyting að fulltrúum atvinnulífsins í stjórn Úrvinnslusjóðs verði fjölgað en aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins eiga nú þegar þrjá fulltrúa í stjórn sjóðsins á meðan Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir aðeins einn fulltrúa. Þetta er mjög undarleg tillaga svo ekki sé meira sagt, sérstaklega í ljósi þess að með þessu frumvarpi er ábyrgð sveitarfélaganna á úrgangsmálum aukin, frekar en að dregið sé úr ábyrgð þeirra á málaflokknum. Skv. lögum nr. 55/2003 bera sveitarfélögin ábyrgð á málaflokknum í heild sinni að auki sem hér er um skilgreint almannajónustuhlutverk sveitarfélaganna að ræða. Í ljósi þessa er það ekki ásættanlegt að sveitafélögin þurfi að una við minnihluta í stjórn Úrvinnslusjóðs hvað þá að dregið sé úr áhrifum þeirra á þeim vettvangi.

Niðurlag

Þar sem samtök á vegum Evrópskra sveitarfélaga hafa gert athugasemdir við útfærslu á lögleiðingu þessarar tilskipunar í mismunandi Evrópulöndum er rétt að vísa til gagna frá WEEE-PIN / ACR+ sem fylgja umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga en Alþingi hlýtur að horfa til ábendinga sem fram hafa komið við gildandi fyrirkomulag í EES löndunum.

Undirritaður átti í stutta stund sæti í nefnd þeirri sem vann að innleiðingu tilskipunarinnar. Meðfylgjandi er minnisblað sem undirritaður lagði fram við þá vinnu en þar kemur einnig fram sá fyrirvari sem undirritaður gerði í skilabréfi nefndarinnar.

Virðingarfyllt,

f.h. SORPU bs



Björn H. Halldórsson
Framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: Minnisblað fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefnd um innleiðingu s.k. WEEE tilskipunar.

Minnisblað fulltrúa sveitarfélaganna í nefnd um innleiðingu EU tilskipunar um rafeindaúrgang.

Reykjavík 22.10.2007

Í frumvarpsdrögum sem unnið er að, er gert ráð fyrir að sveitarfélögin í landinu verði skylduð til að koma upp móttöku fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang frá heimilum „íbúum að kostnaðarlausu“. Söfnunarkerfi fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang skal síðan sækja slíkan úrgang á söfnunarstöðvar sveitarfélaganna og sjá til þess að slíkum úrgangi sé komið í endurnot, endurnýtingu eða förgun þar sem það á við. Ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélögin fái greitt frá söfnunarkerfinu fyrir þann kostnað sem af móttöku úrgangsins hlýst. Til að hafa eftirlit með starfsemi söfnunarkerfa er gert ráð fyrir að stofnuð verði „stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs“. Gert er ráð fyrir að í nefndinni sitji 5 fulltrúar, 4 tilnefndir frá samtökum framleiðenda og innflytjenda og einn skipaður af ráðherra án tilnefningar. Ekki er í frumvarpsdrögum gert ráð fyrir að sveitarfélögin eigi þarna fulltrúa. Þessu mótmælir undirritaður og gerir þá kröfu að í þessa stýrinefnd sitji tveir fulltrúar frá sveitarfélögum. Þetta er eðlileg, réttlát og sanngjörn krafa sem m.a. byggir á eftirfarandi:

a). Söfnunarstöðvar sveitarfélaganna verða stærstu móttökuaðilar raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum í landinu, ef frumvarpið nær fram að ganga. Sveitarfélögin hafa því verulegra hagsmuna að gæta, að kerfi það sem upp verður sett sé skilvirkt og séð verði til þess að kostnaði sem ætlað er að leggist á söfnunarkerfið sé ekki velt yfir á sveitarfélögin. Það er því eðlileg og sanngjörn krafa að í stýrinefndinni séu fulltrúar sveitarfélaganna allt eins og fulltrúar innflytjenda og framleiðenda.

b). Kerfi því sem setja á upp er ætlað að færa allan umhverfiskostnað við raftæki á útsöluverð raftækjanna, þ.e.a.s. allan kostnað frá vöggju til grafar og er það í anda tilskipunar Evrópusambandsins um rafeindaúrgang (s.k. framleiðendaábyrgð). Með því kerfi sem hér er sett upp er unnið gegn þessum anda reglugerðarinnar þar sem hluti kostnaðarins mun óhjákvæmilega lenda á skattgreiðendum en ekki notendum vörunnar. Spyrja má hvers vegna framleiðendaábyrgðin á ekki að greiða fyrir móttökuna hjá sveitarfélögum eins og klárlega er andi tilskipunarinnar? Ef hins vegar kerfið á að vera

Í sátt allra aðila er nauðsynlegt að fulltrúar sveitarfélaganna eigi aðild að ofangreindri nefnd til að tryggja að ekki sé verið að velta óþarfa kostnaði yfir á skattgreiðendur.

c). Augljóslega verða það neytendur (kaupendur) raf- og rafeindatækja og skattgreiðendur sem eiga að standa undir kostnaði við þetta kerfi ef það nær fram að ganga. Hins vegar er hvorki neytendum eða skattgreiðendum tryggður aðgangur að stýrinefnd um raf- og rafeindaúrgang og hagsmunir þeirra algjörlega fyrir borð bornir. Augljóslega hljóta það að vera sjálfsögð réttindi ofangreindra hópa að eiga aðgang að nefndinni í gegnum aðild fulltrúa sveitarfélaganna.

Í ljósi ofangreinds er það skoðun fulltrúa sveitarfélaganna að það sé eðlileg, sanngjörn og réttlát krafa sveitarfélaganna að í nefndinni sitji tveir fulltrúar sveitarfélaganna og verður ekki séð að það gangi á nokkurn hátt í berhögg við meginreglu um framleiðendaábyrgð, enda eðlilegt að þeir sem af „vörunni“ hafa kostnað hafi um fyrirkomulag að segja.

Virðingarfyllst,

Björn H. Halldórsson